

**120** þá beiðni hreppsnefndarinnar í Álptavershreppi í Skaptafellssýslu, er hlutaðeig-  
22. sept. andi sýslumaður hefir mælt með, að tjeður hreppur sje eptirleiðis sjerstök  
manntalsþinghá, með þingstað að Herjólfstöðum, og ber hreppsnefndinni að  
annast um sémilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-  
beiningar og frekari birtingar.

**121** *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um*  
30. sept. *sjerstaka manntalsþinghá fyrir Vallahrepp.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-  
maður, í þóknanlegu brjefi dags. 13. þ. m. vil jeg hjer með samþykkja þá  
beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi og hreppsnefndarinnar í Eyðahreppi í  
Suður-Múlasýslu, er hlutaðeigandi sýslunefnd hefur mælt með, að Vallahreppur  
verði manntalsþinghá út af fyrir sig með þingstað að Höfða og Eyðahreppur  
sömuleiðis manntalsþinghá fyrir sig með þingstað að Eyvindará, og ber hrepps-  
nefndunum að annast um sémilegt hús til þinghaldanna.

Með þessari ákvörðun er engin breyting gjörð á hinni fornu Eyðaþing-  
há sem dóþinghá.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-  
beiningar og frekari birtingar.

**122** *Brjef landshöfðingja, til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um*  
4. nóv. *skipting á Skinnastaðahreppi í 2 hreppsþjelög.* — Eptir að mjer, með þóknanlegu  
brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 1. f. m., hefir borizt formleg beiðni frá hrepps-  
nefndinni í Skinnastaðahreppi um skipting tjeðs hrepps í 2 hreppsþjelög, sbr.  
brjef mitt til yðar, dags. 7. nóv. f. á., og með því að málið nú hefur verið rætt  
og samþykkt á reglulegum hreppsnefndarfundi og hlotið eindregin meðmæli  
sýslnefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, skal hjer með samkvæmt tillögum yðar  
og eptir 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir  
sem hjer segir:

1. Skinnastaðahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefn-  
ist Axarfjarðarhreppur og Fjallahreppur, þannig að takmörk hinna nýju  
hreppa verði landamerkin milli jarðanna Hóls á Hólsfjöllum og Hafursstaða  
í Axarfirði.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Skinnastaða-  
hrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna  
nýju hreppa að tiltölu við hina samanlögðu tölu lausafjárftundarinnar til  
fátækra og sveitarútsvaranna hin síðustu 5 fardagaár, 1886—91, eins og þau  
hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps. Eptir sama hlutfalli skal  
einnig skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til, og sem eiga rót  
sína í fjelgsskap þeim, er hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara undir eins og amtið hefir ákveðið